

## Sýnatökuferð í Kröflu

**Halldór Ármannsson, Trausti Hauksson**

**Greinargerð HÁ-TH-80/03**

Sýnatökuferð í Kröflu 1980-10-10 - 15

Sýni voru tekin úr holum KJ-7, KJ-13 og KJ-14, og eru frumniðurstöður skráðar í töflu I. Fylgst var með afli holu KJ-14, og eru niðurstöður þeirra mælinga í töflu II.

Um einstakar holur er eftirfarandi að segja.

KJ-7. Gasmagn er svipað og fyrir hreinsun og nálgast ekki það, sem var eftir fyrri hreinsun og borun. Vatn er tært og engin merki um járnsambönd í því og gufunni.

KJ-13. Ekkert vatn reyndist vera í rennsli holunnar, og var því eingöngu tekið sýni af gufu og gasi. Reyndist gasmagn heldur minna en áður. Þétt gufa úr holunni varð kolsvört, er lút var bætt í hana, og sýnir það, að mikið járn berst með henni. Sérstakt sýni var tekið til klór og súlfatgreininga, og verður það efnagreint svo fljótt sem auðið er.

KJ-14. Vatn hefur minnkað ört, og stefnir holan í að verða þurr um miðjan nóvember samkvæmt meðfylgjandi línurit, þar sem lógaritmi af tíma (klst) er teiknaður á móti vatnsrennsli. Þornun holu KG-12 er sýnd til samanburðar. Klórmagn reyndist ekki mikið í sýni, sem tekið var í september, en ómögulegt er að segja, hvort klórstyrkur verður skaðlegur, fyrr en holan er orðin þurr, og tekið hefur verið sýni af þurri gufunni. Allmikill sandur hafði safnast í vatnskarið og skoðaði Ásgrímur Guðmundsson sýni, sem tekið var af þeim sandi. Reyndist um svarf að ræða en ekki útfellingar.

Halldór Ármannsson  
Trausti Hauksson

Tafla I

Helztu niðurstöður efnagreininga í Kröflu 1980-10-10 - 15.

Hola nr.	Dags.	pH vatns / °C	pH þéttrar gufu/°C	Gas %	Kísilhiti °C
KJ-7	80-10-13	8,00/23	3,90/22	1,9	272
KJ-13	80-10-13	---	4,10/21	1,2	-
KJ-14	80-10-12	7,75/21	4,20/20	0,9	- 1)

1) Varmainnihald of hátt til að unnt sé að reikna skynsamlegan kísilhita.

Tafla II


Aflmælingar á KJ-14 1980-10-10 - 15

Dags.	kl.	Varmainnih. kJ/kg	Heildarr. kg/sek	Vatnsr. kg/sek	Gufur.við 7 bar abs. kg/sek
1980-10-10	15 <sup>15</sup>	2495	16,7	1,34	14,6
1980-10-12	14 <sup>00</sup>	2519	17,5	1,22	15,4
1980-10-14	12 <sup>00</sup>	2530	16,6	1,07	14,7
1980-10-15	16 <sup>00</sup>	2537	17,1	1,05	15,2



ORKUSTOFNUN

Vatnsornun KJ-14  
(frá 80-09-22)  
og KG-12 (frá 78-11-30-12)



KJ-14

KG-12

Laug Björn (Vatn)